



Skipulagsnefnd –18.04.2016

23. fundur

18. apríl 2016 kl. 13:00-14:45

Fundarstaður: Hótel Reyhlið.

Fundarmenn:

Helgi Héðinsson, formaður

Birgir Steingrímsson

Guðrún Brynleifsdóttir

Pétur Snæbjörnsson

Selma Ásmundsdóttir

Starfsmenn:

Bjarni Reykjafín, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

Dagskrá:

1. Kröflulína 4. Umsókn um framkvæmdaleyfi.
2. Sorpflokkunarsvæði í landi Grímsstaða. Breyting á aðalskipulagi
3. Olnbogaás 1, Hótel Laxá. Breyting á aðal- og deiliskipulagi.
4. Vaðalda. Tillaga að deiliskipulagi.
5. Hugsanlegar þvingunaraðgerðir vegna vanefnda á teikningaskilum.
6. Skipulag á ferðamannastöðum.

1. Kröflulína 4. Umsókn um framkvæmdaleyfi.

S20160401

Erindi dags 18. mars 2016 frá Guðmundi Inga Ásmundssyni, forstjóra, f.h. Landsnets þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir Kröflulínu 4, 220 kV háspennulínu.

Sótt er um framkvæmdaleyfi á grundvelli 13. og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. og 6. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 fyrir framkvæmdinni Kröflulína 4, 220 kV háspennulína. Framkvæmdin er matsskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr.

BR.
A.H.

106/2000 og er matsskýrsla og álit Skipulagsstofnunar fyrirbyggjandi og meðfylgjandi. Sótt er um framkvæmdina á grundvelli Aðalskipulags Skútustaðahrepps 2011-2023 þar sem gert er ráð fyrir háspennulínunum sbr. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2000. Í aðalskipulagi nágrannasveitarfélaganna Norðurþings og Þingeyjarsveitar er einnig gert ráð fyrir framkvæmdinni.

Meðfylgjandi eru gögn vegna framkvæmdaleyfisumsóknar, sbr. sérstaklega 2. og 3. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2000. Lýsing mannvirkja vegna útgáfu framkvæmdaleyfis, dags mars 2016, sem er aðalþáttur gagnanna er tekið saman af verkfræðistofunni Mannviti f.h. Landsnets hf. Er vísað til hennar um frekari skýringar og lýsingar á framkvæmdinni. Lýsingin er þannig hluti þessarar umsóknar Landsnets hf. um framkvæmdaleyfi.

Helgi Héðinsson og Pétur Snæbjörnsson viku af fundi og tóku ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd hefði talið æskilegra að leggja línuna að einhverju leyti í jörðu þar sem hún er mest áberandi. Nefndin leggst þó ekki gegn framkvæmdinni þar sem hún er í samræmi við Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023 og fyrirhuguð framkvæmd uppfyllir skv. álit Skipulagsstofnunar frá 29. nóvember 2010 skilyrði 1. mgr. 14. gr. skipulagslaga um útgáfu framkvæmdaleyfis vegna matskyldra framkvæmda vegna sameiginlegs mats á umhverfisáhrifum álvers á Bakka, Þeistareykjavirkjunar og háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum að Húsavík.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að umsókn Landsnets vegna Kröflulínu 4 verði samþykkt og jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að gefa út framkvæmdaleyfið í samræmi við reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

2. Sorpflokkunarsvæði í landi Grímsstaða. Breyting á aðalskipulagi S20160402

Erindi dags 6. apríl 2016 frá Jóni Óskari Péturssyni, sveitarstjóra, f.h. Skútustaðahrepps þar sem óskað er eftir að gerðar verði breytingar á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 þar sem gert verði ráð fyrir nýjum landnotkunareit undir sorpflokkunarsvæði/gámavöll í landi Grímsstaða við afleggjarann að Rönd. Fyrir liggur samþykki landeigenda Grímsstaða. Innkomin lýsing vegna breytinga á aðalskipulagi dags 14. apríl 2016 frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félagum ehf.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við lýsinguna og leggur til við sveitarstjórn að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að kynna hana fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum eins og 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

3. Olnbogaás 1, Hótel Laxá. Breyting á aðal- og deiliskipulagi. S20160302

Tekið fyrir að nýju erindi dags 10. mars 2016 frá Eiríki V. Pálssyni hjá Pro Ark teiknistofu, þar sem hann kynnir hugmyndir að byggingum fyrir starfsmannaöstöðu við Hótel Laxá á

Olbogaási og óskar jafnframt eftir afstöðu skipulagsnefndar til þessarar hugmyndar. Spurst er fyrir um skipulagsferlið vegna fyrirhugaðra byggingarframkvæmda og óskað er eftir stöðuleyfi til eins árs á meðan skipulagsferlið stendur yfir, setji skipulagsnefnd sig ekki á móti staðsetningu eða fyrirhuguðum skipulagsbreytingum.

Skipulagsnefnd færði til bókar á fundi á sínum 14. mars s.l. að forsendur fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum og leyfisveitingum væru að gerðar yrðu breytingar á gildandi aðal- og deiliskipulagi þar sem fyrirhugaðar byggingar fyrir starfsmannaaðstöðu lenda utan skilgreindra svæða.

Innkomin ný gögn, tillaga að breytingu á deiliskipulagi, dags í mars 2016 frá Pro Ark teiknistofu og breytingarblað vegna tillögu að óverulegri breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 dags 31. mars 2016 frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf. Breytingartillaga deiliskipulagsins gerir ráð fyrir breyttri lögun og stækkun á byggingarreit og breytingartillaga aðalskipulags gerir ráð fyrir breyttri lögun og minnkun landnotkunarreits til samræmis við skilgreinda stærð í aðalskipulagsgreinargerð.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við tillögurnar á þessu stigi og leggur til við sveitarstjórn að skipulag og byggingarfulltrúa verði falin málsmeðferð vegna kynningar og auglýsingar á tillögunum eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.

4. Vaðalda. Tillaga að deiliskipulagi og umsókn um framkvæmdaleyfi S20150601

Tekið fyrir að nýju erindi frá Auði Andrésdóttur f.h. Neyðarlínunnar ohf þar sem óskað var eftir heimild skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 til að vinna deiliskipulag vegna 8-10 KW smávirkjunar við Vaðöldu skv. meðfylgjandi skipulagslýsingu dags. í júní 2015. Erindið var síðast á dagskrá nefndarinnar þann 9. desember s.l.

Neyðarlínan ohf. fyrirhugar að byggja litla heimarafstöð sunnan við Vaðöldu í Skútustaðahreppi. Samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar þarf að vinna deiliskipulag vegna þessa til að geta gefið út framkvæmda- og byggingarleyfi vegna framkvæmdarinnar, þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag af svæðinu.

Umsækjanda var heimilað á fundi skipulagsnefndar 23. júní s.l. að vinna deiliskipulags skv. umræddri skipulagslýsingu og var leita umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og hún kynnt fyrir almenningi eins og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um. Athugasemda- og umsagnarfrestur var frá og með 9. júlí til og með 30. júlí s.l.

Umsagnir og/eða athugasemdir bárust frá eftirtöldum aðilum:

Forsætisráðuneytinu, Skipulagsstofnun, Vegagerðinni, Umhverfisstofnun (UST), og Hjörleifi Gottormssyni. Skipulagsstofnun og Vegagerðin gerðu ekki athugasemdir við lýsinguna. Athugasemdir bárust frá Vatnajökulspjöldgarði og Landvernd eftir að umsagnarfresti lauk.

Í athugasemdum sem bárust er bent á að kanna aðra staðsetningu heimarafstöðvar og aðra virkjunarkosti sem hafi minni umhverfisáhrif en vatnsaflsvirkjun. Vettvangsferð var farin á framkvæmdasvæðið í ágúst 2015. Þátttakendur voru fulltrúar Neyðarlínunnar, Mannvits,

Vatnajökulspjóðgarðs og Skútustaðahrepps. Í ferðinni komu fram ábendingar og tillögur sem tekið hefur verið tillit til varðandi frekari útfærslu á fyrirkomulagi, staðsetningu og umfangi mannvirkja og þannig dregið úr umhverfisáhrifum deiliskipulagsins.

Innkomin ný gögn dags. 1. desember 2015, tillaga að deiliskipulagi, uppdráttur með greinargerð þar sem búið er að taka tillit til athugasemda sem bárust við skipulagslýsinguna.

Skipulags- og byggingarfulltrúi kynnti tillögu að deiliskipulagi á opnu húsi 11. janúar s.l. skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki komu fram neinar athugasemdir við tillöguna.

Tillagan var auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá og með 12. febrúar til og með 26 mars. Vatnajökulspjóðgarður og Landvernd fengu viðbótarfrest til 8. apríl skv. beiðni þeirra þar um.

Athugasemdir/umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Forsætisráðuneyti, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Vegagerðinni, Minjastofnun Íslands, Landvernd og Vatnajökulspjóðgarði.

Athugasemdir/umsagnir lagðar fram til kynningar. Afgreiðslu frestað þar til svör og rökstuðningur Neyðarlínunnar ohf við þeim liggja fyrir.

5. Hugsanlegar þvingunaraðgerðir vegna vanefnda á teikningaskilum.

Skipulags- og byggingarfulltrúi gerir grein fyrir hugsanlegum þvingunaraðgerðum sem hann hyggst grípa til vegna vanefnda á teikningaskilum nokkurra aðila í Skútustaðahreppi verði ekki orðið við frekari tilmælum hans þar um.

Skipulags- og byggingarfulltrúi gerði grein fyrir vinnulagi við þvingunaraðgerðir og hvernig að þeim yrði staðið, ef til þess kæmi.

6. Skipulag á ferðamannastöðum.

Nefndin ræddi hvaða leiðir væru færar fyrir sveitarfélagið að hafa frumkvæði að skipulagsgerð til úrbóta á fjölsóttum ferðamannastöðum og framkvæmdum þar að lútandi.

Fundi slitið.

*Helsi H.
Selma D. Amundsdóttir
Andrís Þyngur
Pétur Jónsson
Björgi Steingrimsdóttir*